

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1986

7. janúar 1986

1

Nr. 1

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 465 27. desember 1985,
um stjórn botnfiskveiða 1986.

1. gr.

Í stað orðanna „Humar- og reknetabátar“ í 5. lið 1. mgr. 2. gr. komi: Humar- og síldarbátar.

2. gr.

Í stað orðanna „Útgerðarflokkur 5, humar- og reknetabátar“ í 2. mgr. 7. gr. komi orðin: Útgerðarflokkur 5, humar- og síldarbátar.

3. gr.

Á 8. gr. verði eftirtaldar breytingar:

1. Í stað orðanna „Útgerðarflokkur 5, humar- og reknetabátar“ í 1. mgr. 8. gr. komi orðin: Útgerðarflokkur 5, humar- og síldarbátar.

2. Í stað orðanna „Mars — apríl“ í Útgerðarflokk 6, rækjubátar. Suður- og Vesturland í 1. mgr. 8. gr. komi: Mars — ágúst.

3. Útgerðarflokkur 6, rækjubátar, Vestfirðir, Norðurland, í 1. mgr. 8. gr. breytist svo:

Tímabil 1	Tímabil 2	
Janúar — maí	Júní — des.	Samtals
40	65	105

4. Útgerðarflokkur 7, skelbátar, í 1. mgr. 8. gr. breytist svo:

Tímabil 1	Tímabil 2	
Jan. — apríl	Maí — des.	Samtals
30	45	75

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 97, 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. janúar 1986.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

B 1

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg